

Fundargerð - 179 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 24 janúar kl.09.30 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Líf Lárusdóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Eyjólfur I. Bjarnarson, Jakob B. Jakobsson og Sigurbjörg Ottesen. Garðar Svansson mætti í forföllum Jósefs Kjartanssonar. Júníana Óttarsdóttir boðaði forföll og Guðný Elíasdóttir var fjarverandi. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson fundinn og ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.09.45

1. Fundargerð frá 178 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 178 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Gott að eldast

Líf Lárusdóttir verkefnisstjóri Gott að eldast fór yfir stöðuna á verkefninu á Vesturlandi. Fram kom að vinna er komin á gott skrið og verið er að ljúka samantekt á tölfræði varðandi öldrunarþjónustu á Vesturlandi.

3. Sameiginlegar starfsstöðvar/samhæfð svæðaskipan

Lögð fram kynning frá vinnuhópi sem skipaður var af mennta- og barnamálaráðherra til að skoða tækifæri til þess að auka samþættingu/samstarf sveitarfélaga á verkefnum mennta- og barnamálaráðuneytisins. Verkefnin eru; farsæld barna, barnavernd, skólþjónusta, æskulýðsmál og tómstundir og íþróttastarf. Minnisblaðið er lagt fram til umræðu. Stjórn SSV skipaði vinnuhóp á fundi sínum 29 nóvember s.l. til að skoða tækifæri til samstarfs í velferðarmálum á Vesturlandi og var samþykkt að fela hópnum að skoða öll þau verkefni sem fram koma í minnisblaði starfshóps ráðuneytisins.

4. Förgun dýraleifa

Rætt um förgun dýraleifa og lagt fram minnisblað sem Stefán Gíslason ráðgjafi hjá Environice vann fyrir SSV á s.l. ári. Samþykkt að boða til fundar um förgun dýraleifa.

5. Verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðunni á vinnu við tækifæragreiningu til aukinnar verðmætasköpunar á sauðfjárræktarsvæðum í Dalabyggð, Reykhólahreppi, á Ströndum og í Húnaþingi vestra.

6. Þátttaka SSV á fjárfestakynningu.

Lagt fram minnisblað um þátttöku SSV á fjárfestakynningu í Frakklandi sem verður dagana 12 til 15 mars. Landshlutasamtökin munu senda fulltrúa á kynninguna, en Íslandsstofa hefur veg og vanda af þátttöku íslenskra aðila. Fyrir utan SSV mun Próunarfélag Grundartanga senda fulltrúa á kynninguna.

7. Umsóknir frá SSV í C1 í byggðaáætlun

Lagt fram til kynningar minnisblað um verkefni sem SSV sótti um í verkefnasjóðinn C1 undir byggðaáætlun. Verkefnin eru annars vegar „Veldu Vesturland“ sem snýst um að laða unga fólkið sem fer burt í nám eða störf heim aftur og hins vegar Breiðablik íbúa- og gestastofa.

8. Uppbyggingarsjóður Vesturlands.

Lagt fram minnisblað um styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands, en úthlutunarhátíð fór fram 12 janúar s.l. Alls bárust 126 umsóknir og fengu 76 umsóknir brautargengi eða 60%.

9. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar 2024

Lögð fram skýrsla um starfsemi Sóknaráætlunar Vesturlanda árið 2023, auk þess sem lagt var fram minnisblað með tillögu að áhersluverkefnum sóknaráætlunar fyrir árið 2024. Stjórn ræddi tillögur að verkefnum og vísaði þeim áfram til fundar samráðsvettvangs sem haldinn var síðar sama dag.

10. Sóknaráætlun 2025-2029

Rætt um vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar fyrir Vesturland sem mun gilda árinu 2025-2029. Fram kom að SSV mun fá stuðning upp á rúmar 5 m.kr. til þess að kosta vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar. Stjórn ræddi mikilvægi þess að ná breiðri þátttöku sveitarfélaga, fyrirtækja og íbúa við gerð nýrrar áætlunar.

11. Framlögð mál

Framkvæmdastjóri kynnti að aðalfundar SSV árið 2024 verði haldinn á Hótel Hamri 20 mars n.k..

Fundi slitið kl. 11.50